

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Velunnarasjóð Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Velunnarasjóður Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla. Heimili hans og varnarþing er í V-Skaftafellssýslu.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru gjafir frá velunnurum Klausturhóla. Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000 og skal það fé haldast óskert.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera gjafafé og önnur frjáls framlög sem ánöfnuð eru Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum þ. á m. andvirði minningarspjalda. Auk þess vextir og arður af eignum sjóðsins. Sjóðurinn skal ætíð ávaxtaður á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að efla starfsemi Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, á sem bestan hátt. Tilganginum skal m.a. náð með stuðningi við framlag heimamanna við uppbyggingu húsnæðis, tækjakaupum, fegrun umhverfis, endurmenntun og bættum aðbúnaði vistmanna og starfsfólks. Til þessara verkefna er stjórn heimilt að veita á hverjum tíma þeirri upphæð sem hún telur sér fært án þess að rýra stofnfé sjóðsins. Sjóðnum er heimil útleiga húsnæðis.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, 1 tilnefndur af stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, 2 af sveitarstjórn Skaftárhrepps og skal a.m.k. annar þeirra hvorki eiga sæti í sveitarstjórn eða stjórn Klausturhóla. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjörtímabil stjórnar er það sama og sveitarstjórnar. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins og úthlutar úr honum.

### 6. gr.

Endurskoðendur reikninga heimilisins skulu einnig árlega endurskoða reikninga sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

### 7. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna.

### 8. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal fé hans renna til aðhlynningar aldraðra í Skaftárhreppi, skv. nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

### 9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari svo og breytingum sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. apríl 1999.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 280

27. apríl 1999

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Blönduóss.

#### 1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

#### 2. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins og vinnuregla um vatnshitamælingu eru sem hér segir fyrir Hitaveitu Blönduóss:

- |    |   |              |
|----|---|--------------|
| a) | Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði verði<br>og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða ársrúmmetra.<br>Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð. | kr. 788,00   |
| b) | Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns   | kr. 48,00    |
| c) | Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns   | kr. 88,00    |
| d) | Gjald fyrir lokun og enduropnun   | kr. 1.575,00 |

Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu). Notendur geta sótt skriflega um afslátt frá liðum a), b) og c) ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælalabots eftir að áætlað hámarksrennsli hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur. Útihitastig meðan á mælingu stendur skal vera á bilinu -4°C til -6°C. Afsláttur skal vera sem hér segir:

1. 5% ef hitastig mælist hærra en 51°C en lægra eða jafnt og 55°C.
2. 10% ef hitastig mælist hærra en 48°C en lægra eða jafnt og 51°C.
3. 15% ef hitastig mælist 48°C eða lægra.

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

#### 3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða kr. 788,00.